

Tölvupóstur frá Jóhanni Birkir hjá Verkís.

Þetta er alveg frábært verkefni, stuttur tími en við látum það ganga upp. Ég er að reyna að átta mig á hvað þetta eru margir tímar sem fara í þetta.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að fá nokkra landslagsarkitekta á íbúafundinn til að ná niður hugmyndum fólksins.

Maður áttar sig aldrei á hvað það koma margir á svona fundi en ef þessu er skipt niður í hópa eftir svæðum eða áhugasviðum þá þarf einn arkitekt að vera með hverjum hóp. Við erum þá kannski að tala um 3 til 4 hópa.

Ég sé fyrir mér að við byrjum strax í næstu viku.

Vika 46. Gagnaöflun ca. 20 tímar

Vika 47. Undirbúningur fyrir íbúafund, hugsanlega ræða við helstu hagsmunaaðila hvaða hugmyndir eru uppi, íbúafundur ca. 50 tímar.

Vika 48. Úrvinnsla eftir íbúafund ca. 70 tímar

Vika 49. Greinargerð og uppdráttur ca. 70 tímar

Vika 50. Frágangur og rýni á uppdráttum og greinargerð, kostnaðaráætlun !! ca. 40 tímar

Heildartímafjöldi er því 250. Þetta er gróf áætlun því það er ómögulegt að vita hvernig þetta verður að lokum, þetta fer svo mikið eftir hugmyndum fólks hversu stórt þetta verður.

Ætli þetta verði þá ekki ca. 4,5 millj án vsk